

---

19.árg. 2. tbl, október 2007

Ábm.: Edward H. Huijbens, Félag landfræðinga, Pósthólf 5391, 125 Reykjavík  
www.lbh.is/land

---

### **Haustfundur, 1. nóvember kl. 15.00**

Árlegur haustfundur Félags landfræðinga verður haldinn í Norræna húsinu, kl. 15.00 – 18.00, fimmtudaginn 1. nóvember. Boðið verður uppá kaffi og með því á fundinum.

Dagskrá að þessu sinni er sem hér segir:

- 15.00: Setning fundar og ávarp formanns
- 15.15: Afgreiðsla erinda
- 16.00: Dr. Rannveig Ólafsdóttir kynnir rannsóknir sínar
- 18.00: Fundi slitið



Haustfundur FL, kl: 15.00 – 18.00, fimmtudaginn 1. nóvember  
Norræna húsinu

*Takið eftirmiðdaginn frá!*

Fyrir fundinum liggja tvö mál. Annarsvegar að taka fyrir ályktanir vinnuhópa frá síðast vorþingi og ganga frá þeim. Hinsvegar að taka fyrir tillögu stjórnar um breytingar á heiti tímarits félagsins, nánar verður fjallað um þá tillögu hér á eftir.

## Umhverfisáhrif, skipulagning og stjórnun ferðamennsku

Dr. Rannveig Ólafsdóttir, dósent við land og ferðamálafræðiskor Háskóla Íslands

Ferðapjónustan verður stöðugt umfangsmeiri og mikilvægari atvinnugrein hér á landi. Á síðastliðnum fjórum árum jókst til að mynda heildarfjöldi gistinátta á landinu um 40%. Fleiri og fleiri ferðamenn velja Ísland sem áfangastað, og ef fer sem horfir er áætlað að yfir ein milljón erlendra ferðamanna sækir Ísland heim eftir um áratug. Við þá tölu bætast allir þeir tugþúsunda Íslendinga sem ferðast um eigið land á ári hverju.

Samfara auknum umsvifum ferðapjónustunnar hefur aukinn ágangur stöðugt fleiri ferðamanna á viðkvæma náttúru landsins ásamt vaxandi umhverfisvitund almennings leitt til aukinnar vakningar um mikilvægi þess að skipuleggja og stýra nýtingu auðlindanna sem ferðapjónustan byggir afkomu sína á. Grundvallaratriði í þróun sjálfbærrar nýtingar til framtíðar er heildarskipulag ferðamennsku sem byggt er á þekkingu um auðlindina og samspilinu á milli hinna ólíku ferla sem áhrif hafa á hana.


Rannveig mun í erindinu fjalla um rannsóknir sínar á sviði ferðamennsku og umhverfis, sem einkum beina sjónum að þróun aðferða við mat á áhrifum ferðamanna á umhverfið, og þróun aðferða til skipulagningar ferðamennsku, sem og umhverfisstjórnun í íslenski ferðapjónustu. Rannveig lauk PhD gráðu í náttúrufræði frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð árið 2002. Frá 2002-2006 starfaði hún sem forstöðumaður Rannsókn- og fræðaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði, og frá 2006-2007 við ráðgjöf í umhverfisstjórnun og mat á umhverfisáhrifum hjá verkfræðistofunni Línuhönnun hf. Frá 2002-2007 hefur Rannveig samhlíða öðrum störfum starfað sem stundakennari í ferðamálafræðum við Háskóla Íslands. Rannveig tók við stöðu dósentis í ferðamálafræði við Háskóla Íslands ásamt stöðu sérfræðings við Ferðamálafræðisettur Íslands í apríl 2007.

### Landabréfið 2008

Ritstjórn Landabréfsins kallar eftir greinum og ritgerðum í tímaritið sem áætlað er að komi út haustið 2008. Æskilegt er að greinar berist fyrir 1. júlí 2008. Þær fara þá í yfirlestur og ritrýningu. Ábendingar og tillögur um efnistöð og hugmyndir eru einnig vel þegnar.

Ritstjórn vill einnig benda á möguleikann á að senda inn bóka gagnrýni eða aðra rýni sem á erindi til landfræðinga.

Ritstjóri Landabréfsins er Karl Benediktsson: [kben@hi.is](mailto:kben@hi.is)



## Tillaga að breytingu á heiti tímarits FL

Tímarit félags landfræðinga -Landabréfið-, hefur nú komið út í 23 ár og nú á hverju ári síðan 2003. Tímaritið er ritrýnt og er metið sem vísindarit og telst birting þar sambærileg við birtingu í ISI tímariti.

Núverandi heiti tímaritsins er:

### **Landabréfið** **Tímarit Félags landfræðinga**

Breytingatillagan er svohljóðandi:

### **Landabréfið** **Tímarit um land- og ferðamálafræði**


*Rökstuðningur.*

Nú undanfarin ár hefur tímaritið komið út árlega og er stefnan að svo verði áfram, án þess að nokkuð dragi úr gæðum ritsins og því ritrýningarferli sem er undirstaða þeirra gæða. Hinsvegar hefur það reynst erfitt að fá nóg af greinum á hverju ári til að rýna og koma í tímaritið. Mikið mæðir á ritstjóra og stundum einnig formanni félagsins við að tryggja að nægt efni verði í ritinu. Innan ferðamálafræði hafa verið raddir um að stofna þurfi ritrýndan vettvang fyrir rannsóknir, þar sem enginn slíkur er til í dag. Í ljósi ný afstaðinna breytinga á skorum Háskóla Íslands, þar sem jarð- og landfræðiskor er öll og landfræðin er nú í land og ferðamálafræðiskor, mætti vel hugsa sér að endurspeglar það í tímariti sem gæti verið sameiginlegt báðum fræðigreinum.

Þannig yrði þrennt unnið. Í fyrsta lagi að tímarit félagsins færi aðgengi að fleiri greinum til að vinna úr árlega og því líklegra að takist að koma því út árvisst. Í öðru lagi að þá opnast leið til að nálgast fólk til að byggja upp ritnefnd svo minna mæði á ritstjóra við öflun og rýningu greina. Í þriðja lagi styrkist samband landfræði við ört vaxandi fræðigrein á Íslandi og líklegra að rannsóknir þar þróist samhliða landfræði.

Hafa ber í huga að hingað til hafa greinar sem snúa að ferðamálafræði verið teknar til rýningar og birtingar í tímaritið. Í raun er því aðeins um það að ræða að gera samstarf sem þegar er formlegt og með því styrkja það og um leið efla starfsemi félagsins.

Í 7. grein laga félagsins segir að „[á] fundum félagsins ræður afl atkvæða úrslitum mála“. Mun því stjórnin bera þá breytinga tillögu fram, sem tíunduð er að ofan.




## Nokkrir laufléttir

### Tregi hinna „landfræði fötluðu“



THE SADNESS OF THE "GEOGRAPHICALLY CHALLENGED"

Heldur Grikkland Ólympíu leikanna? Frábært! Ætli það séu vetrar eða sumarleikarnir



Þú ert ekki enn hér ...